

Borgarstjórn Reykjavíkur
21. mars 2023

Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um stefnu í málefnum skólasafna

Borgarstjórn samþykkir að mótuð verði heildarstefna um sértækt hlutverk skólasafna í Reykjavík. Víðtækt samráð skal hafa við skólasöfnin, Félag fagfólks á skólabókasöfnum, Upplýsingu – Félag bókasafns- og upplýsingafræða og aðrar fagstéttir og hlutaðeigandi sem máli kunna að skipta.

Greinargerð

Skólasöfn grunnskóla gegna lykilhlutverki í að miðla menningu og upplýsingum til skólasamfélagsins og styðja við árangursríka lestrar- og læsisfærni nemenda og auka skilning þeirra á lífinu og tilverunni. Þau eru óaðskiljanlegur hluti menntunarferilsins og órjúfanlegur þáttur alls skólastarfs. Reykjavíkurborg hefur mótað stefnu fyrir Borgarbókasafnið og er með menningarstefnu en í þeim er hvergi að finna nokkuð um skólasöfn. Aldrei hefur verið mótuð stefna skólasafna með skýrum tilgangi þeirra, markmiðum og framtíðaráætlunum. Reykjavík er bókmenntaborg UNESCO og hefur skyldum að gegna sem slík. Þær skyldur ná einnig til skólasafna borgarinnar og þá er affarasælast að vita að hverju skuli stefnt. Því er lagt til að skólasöfnin fái sína eigin stefnu svo þau geti vaxið og dafnað með nemendum sínum og skólasamfélaginu öllu.